

## Fimmtugasti og fimmti fundur stjórnar Fræðslusjóðs

31. maí 2016 kl. 15.00-17.00

í Skipholti 50 b, III. hæð

**Mætt:** Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Ársæll Guðmundsson, Garðar Hilmarsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Halldór Grönvold, Jón Fannar Kolbeinsson, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Fjóla Jónsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA og Björn Garðarsson, starfsmaður FA.

**Forföll:** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Gestur á fundinum var Sveinn Aðalsteinsson, nýr framkvæmdastjóri FA.

### Dagskrá

Nýr framkvæmdastjóri FA boðinn velkominn, en hann tekur til starfa 1. júní.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

#### 2. Ársreikningur 2015

Ingunn Hauksdóttir, endurskoðandi Ernst&Young mætti á fundinn og gerði grein fyrir ársreikningi 2015.

Gera þarf grein því fyrir í ársreikningi að fræðsluaðilar gera ágreining um niðurstöðu uppgjörs á náms- og starfsráðgjöf á árinu 2015 og hafa sent lögfræðilegt álit þess vegna. Lagt er til að leitað verði til Juris lögmannna, sem áður hafa unnið fyrir sjóðinn, til að svara. Endurskoðandi óskar eftir heimild til að senda lögfræðibréf til lögfræðings sjóðsins til staðfestingar á ágreiningnum. Heimild veitt.

Ársreikningur kynntur og ræddur, en ekki undirritaður, þar sem bæta þarf inn í skýrslu stjórnar og ársreikning, athugasemd er varðar framangreint mál.

Þá kom fram hjá endurskoðanda að mismunur er í reikningnum vegna tveggja samninga við fræðsluaðila samtals að upphæð tæplega 1,7 millj. Finna þarf skýringu á þessum mun. Fjármálastjóra FA falið að skýra málið. Ekki er þó álitnið að þetta verði til þess að gefa ranga mynd af stöðu sjóðsins í árslok.

#### 3. Ársskýrsla 2015

Formaður lýsti ánægju með skýrsluna. Fram kom í umræðum að ástæða væri til að gera grein fyrir, bæði í ársskýrslu og ársreikningi, þeim ágreiningi sem átti sér stað varðandi uppgjör á náms- og starfsráðgjöf og að endanlega niðurstaða liggi ekki fyrir fyrir en við uppgjör í lok árs 2016.

Lagt til að á bls. 6 verði setti inn athugasemd við töflu er skýri ágreining við fræðsluaðila við uppgjör á nám- og starfsráðgjöf.

Í umræðum kom fram að margar námskrár eru orðnar börn síns tíma og komin ástæða til að endurskoða þær og leggja nýjar áherslur til framtíðar. Framkvæmdastjóri benti á

1(3)  
JFC HC  
G.M. JBB  
SLS

að vegna ýmissa utanaðkomandi þátta hefur hægt mjög á námskrágerð og vottun þeirra undanfarin tvö til þrjú ár.

FA hefur tekið saman tölur um framkvæmd í vottuðum námsleiðum, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati árin 2012–2015. Samþykkt að þeim verði bætt inn í ársskýrsluna.

#### 4. Skilmálar, úthlutunarreglur og verklagsreglur

Þrjú mál þurfa frekari umræðu við ráðuneytið (mrn). Í fyrsta lagi hverjir geta sótt um framlag frá Fræðslusjóði. Mrn er með tillögu verkefnahóps á vegum ráðuneytisins frá því í júní 2015 til skoðunar.

Annað er kostnaðarþátttaka þátttakenda í vottuðum námsleiðum. Fram kom hjá formanni að upplýsingar sýna að brotthvarf frá námi minnkar þegar einstaklingar eru látnir axla fjárhagslega ábyrgð, þ.e. að greiða þáttökugjöld, sbr. til dæmis mun á brottfalli milli HR og HÍ. Ef vilji er til að halda áfram að innheimta þáttökugjöld þarf að finna jafnvægi sem gefur sem flestum í markópi sjóðsins tækifæri. Ekki kemur fram í lögnum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 að innheimta eigi þáttökugjöld af einstaklingum, en í skilmálum sjóðsins hefur það verið staðfest af ráðherra. Vekur það þá spurningu hvort slíkt eigi að koma fram í lögnum.

Þriðja atriði er að sjóðurinn getur ekki mismunað á grundvelli þjóðernis. Því þarf að fella niður b-lið 1. greinar í kafla 1 í Úthlutunarreglum Fræðslusjóðs, eða opna fyrir Íslendinga í sömu stöðu.

Vakin var athygli á því að til umræðu hafi komið í ráðuneytinu hvort það ætti að endurskoða lög um framhaldsfræðslu. Miðað við stöðu skilmálanna telur stjórnin að ekki sé rétt að fresta gildistöku þeirra ef lögin verða endurskoðuð.

Verklagsreglur: Skerpa þarf á orðalagi þar sem orðalag er huglægt og hægt að túlka á mismunandi veg, sjá til dæmis liði 3 og 4. í náms- og starfsráðgjöf, þar sem orðin *mikill* og *úrelt* koma fyrir og þarf m.a. að skýra merkingu þeirra.

Samþykkt að skilmálarnir verði sendir mrn og í fylgibréfi verði vakin athygli á þeim athugasemdum sem koma fram í drögum að nýjum skilmálum.

#### 5. Úthlutun til nýsköpunar- og þróunarverkefna.

Formaður úthlutunarnefndar fór yfir forsendur og tillögu að úthlutun. Í tillögnum kemur meðal annars fram að Kvasir sækir um til markaðssetningar á framhaldsfræðslunni og vaknar í því sambandi spurningin hvort heimilt sé að nýta Fræðslusjóð á þennan hátt.. Fram komi í samningi við Kvasi að auglýsingar og allt annað kynningarefni sé miðað að markhópi framhaldsfræðslulaganna.

Tillagan nefndarinnar samþykkt.

#### 6. Næsti fundur

22. júní kl. 10:00–12:00. Á dagskrá verði aðeins eitt mál, lögfræðiálit vegna náms- og starfsráðgjafar.

#### 7. Önnur mál

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "K.C.", "SBE", "2(3)", "G.H.", and "S.H.S."

- a. Lögfræðiálit og bréf frá fræðsluaðilum.  
Lagt til að senda gögnin til Júris og leita áhlits þeirra. Málið verður rætt nánar á næsta fundi stjórnar.
- b. Frestir vegna vinnslu nýsköpunarverkefna  
Frestað til næsta fundar
- c. Bréf frá IÐUNNI-fræðslusetri  
Frestað til næsta fundar

Þetta var síðasti fundur sem Ingibjörg Elsa sat sem framkvæmdastjóri FA, og jafnframt síðasti starfsdagur hennar, og var henni í fundarlok þökkuð vel unnin störf gegnum tíðina.

Gudni Þeyrnar  
Pál.  
Sólveig Blummasdóttir  
Halldór Guðnason  
Geirfar Hilmarsson  
Svanvildur K. Sveinsdóttir  
Jón Kóla.